

Reykjavík 4. desember 2024

Umsögn um mál nr. S-224/2024 í Samráðsgátt

Umsögn deildar faggreinakennslu við Menntavísindasvið Háskóla Íslands

Í samráðsgátt eru drög að frumvarpi á vegum Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytisins um breytingar á gjaldtökuheimildum opinberra háskóla. Frumvarpið myndi veita opinberum háskólum lagaheimild til að innheimta skólagjöld af nemendum utan EES svæðisins. Rökstuðningurinn fyrir breytingunni er (1) betri nýting á fjárframlagi hins opinbera, (2) efling háskólastigsins á Íslandi og (3) samanburður við aðrar Norðurlandapjóðir. Gera má athugasemdir við fyrirætlanirnar eins og þeim er lýst í drögnum út frá öllum þessum þremur atriðum.

Rökin fyrir betri nýtingu á opinberu fjármagni eru ekki sannfærandi með hliðsjón af því að sá hópur sem hér um ræðir, þ.e. nemendur utan EES sem stunda nám við Háskóla Íslands er mjög fámennur hópur. Umræða um að fjármagn skiptist á færri nemendur þegar þessi hópur er tekinn út fyrir sviga er misvísandi því þetta er aðeins um 8% af heildarfjölda nemenda við skólann.

Þessum hópi nemenda er misskipt á svið, deildir og námsleiðir skólans og því eru áhrif á fjárhag einstaka eininga mjög óljós. Fyrirætlun í frumvarpsdrögum snýr að því að ekki verði reiknað með þessum nemendum í nýju fjármögnunarlíkani skólans og það má leiða líkum að því að fjárhagslegum grundvelli verði kippt undan starfsemi tiltekinna eininga. Við það að setja á skólagjöld er augljóst að nemendum mun fækka á þessum námsleiðum og því munu innheimt skólagjöld ekki vinna þarna á móti, þó þau rynnu óskipt á þær einingar sem nemendur stunda nám við. Frumvarpið mun því að líkindum hafa mikil áhrif á fjárhag og rekstur tiltekinna eininga innan skólans meira en annarra og mikilvægt að einhver greining á þeim forsendum hafi farið fram áður en breytingar eru gerðar. Þessu tengt má nefna að nú þegar er heimilt að innheimta umsýslu- og afgreiðslugjald umsókna utan EES samkvæmt gildandi lögum um opinbera háskóla. Fjölgun umsókna hefur því lítið með málið að gera – það að fá færri umsóknir frá fólki utan EES mun ekki leiða til betri nýtingar opinbers fjármagns. Það hlýtur því að vera misvísandi að segja stórauðinn fjölda erlendra umsókna tilefni lagasetningarinnar.

Efling háskólastigsins er sannarlega mikilvægt markmið en ekki er ljóst hvernig þessi lagasetning getur pótt efla háskólastarf á Íslandi. Þvert á móti virðist frumvarpið vinna gegn því þar sem hér er verið að auka kostnað ákveðins hóps erlendra nemenda og búa til þröskulda fyrir aukið alþjóðlegt samstarf. Ein af fjórum megin áherslum í stefnu HÍ 2021–2026 er að skólinn sé opin og alþjóðlegur. Þessi lagasetning vinnur beinlínis gegn þessu markmiði sem er alvarlegt mál þar sem alþjóðlegt samstarf verður sífellt mikilvægara í rannsóknum og kennslu á háskólastiginu, sérstaklega fyrir háskóla í fámennu eyríki. Há skólagjöld munu fæla frá nemendur sem annars hefðu auðgað vísindastarf á Íslandi. Í rökstuðningi ráðuneytisins er það nefnt að stofna skuli styrktarsjóð fyrir nemendur utan EES til að fjármagna skólavist efnilegra nemenda. Í ljósi þess hversu léleg fjármögnun ríkisins er á



námi þeirra nemenda sem þegar stunda háskólanám á Íslandi, hvort sem litið er til skilyrða menntasjóðs, fjölda nemenda sem vinna með námi (með því hæsta sem gerist á Vesturlöndum) eða fjármögnun framhalds- og doktorsnema í rannsóknartengdu námi, þá er varla hægt að gera ráð fyrir því að umræddur styrktarsjóður fyrir nemendur utan EES verði digur, líti hann einhvern tímann dagsins ljós. Á meðan hvorki er kominn fjárhagslegur grundvöllur né útfærsla á styrktarsjóðnum hlýtur frumvarpið að leiða til mismununar á aðgengi að háskólanámi eftir efnahag, þar sem þröskuldur er sérstaklega settur nemendum frá tilteknum svæðum og með verri félags- og efnahagslegan bakgrunn.

Í rökstuðningi við frumvarpið er sagt frá því að sambærilegar reglur gildi um háskólastigið á hinum Norðurlöndunum og þessi breyting sé því í samræmi við þróun þar. Það er vissulega mikilvægt að við skoðum hvað er gert hjá þeim þjóðum sem við helst berum okkur saman við, en á sama tíma er ekki hægt að gera það í blindni heldur verður að bera saman heildaraðstæður opinberra háskóla á Íslandi og á hinum Norðurlöndunum. Í fjármögnun háskólastigsins stendur Ísland hinum Norðurlöndunum aftar og fjárveitingar til háskólastigsins á Íslandi eru aðeins um helmingur til tveir þriðju af því sem gerist á hinum Norðurlöndunum. Það hljómar frekar innantómt að hamra á mikilvægi þess að ganga í takt við hin Norðurlöndin þegar þetta er staðan og ef að efla á háskólastigið þá væri ráð að minnka fyrst þann mikla aðstöðumun sem er hjá opinberum háskólum hér á landi og á hinum Norðurlöndunum.

Að lokum verður að minnast á þá miklu breytingu sem það felur í sér að opna fyrir möguleikann að krefja nemendur um skólagjöld við opinbera háskóla á Íslandi. Frá stofnun Háskóla Íslands hafa ekki verið innheimt skólagjöld til að stunda nám við skólann. Þó að frumvarpið sé sett til höfuðs litlum hluta nemenda skólans verður það að teljast grundvallarbreyting á Háskóla Íslands og markmiðum opinberra háskóla að rukkuð séu skólagjöld í einhverri mynd.

Virðingarfyllt, fyrir hönd Deildar faggreinakennslu,

Elsa Eiríksdóttir
Deildarforseti